

Blokkinn á Heimsenda

eftir Arndís Þórarinsdóttir og Huldu Sigrúnu Bjarnadóttur

Blokkinn á heimsenda er mjög skemmtileg bók sem hentar vel sem martröð fyrir netsjúka krakka. Hún Dröfn Atladóttir er bara venjuleg stelpa sem á eldri símasjúkan bróður sem dreymir um að verða Youtube stjarna og á heima á Íslandi. Nema hún hefur aldrei hitt ömmu sína sem á heima á rosa fjarlægri eyju. Dag einn hringir síminn og pabbi Drafnar svarar. Svo tilkynnir hann að Bríet (amma Drafnar og mamma Atla, pabba Drafnar) hafi mjaðmagrindarbrotnað sem er víst svaka alvarlegt. Læknirinn hringdi og sagði að hún Bríet myndi þurfa hjálp, eða meira svona stuðning. Svo þau Atli og Fanney (mamma Drafnar og Ingós) ákveða að fara í „auka frí“ og heimsækja Bríeti á.....EYJUNA. Svo kemur í ljós að mamma og pabbi hafa platað þau og síðasta ferja vetrarins hefur farið og næsta ferja komi ekki fyrr en 25. MAÍ!!!! Þarf Dröfn að vera án Minecraft og síma í allan vetur? Því miður virðist svo vera. Ingó er með Youtube rás sem heitir Ingóland og getur ekki lifað án nettengingar en bregst við með því að hlaupa út á Tanga sem virðist vera eini staðurinn þar sem næst net. Sem betur fer var amma Húsvörður (Húsvörðurinn er mikilvægasta starfið á eyjunni) ekki að ljúga því það er NET!!!! Svólítið hægt en það er hægt að kíkja í tölvupóstinn sinn og sækja myndbönd ef maður nennir að bíða eftir þeim. Svo Ingó var bara í góðum málum. Ingó var orðinn uppáhald Magneu Matráðs (mikilvægt að koma sér í mjúkin hjá henni því hún er kokkurinn) og var bara geggjaður. Hvert sem Dröfn fór var ekki um annað að villast. En sem betur fer eignaðist hún vin sem heitir Krummi. Fólki líkaði ekki vel við Dröfn en elskaði Ingó. En skyndilega fara óvæntir og skuggalegir atburðir að gerast. Til dæmis: drullusokkur pípulagningarmannsins, Hlustunarpípa læknisins og skeiðarnar í mötuneitinu og síðast en ekki síst Rúdolf jólabrekhjól og allt jólaskrautið og jólanammið *HVEÐFA!!!* Hver er óvinurinn? Það er ráðgáta hver er óvinurinn. Dröfn er útnefndur sendiboði sem er víst mjög mikilvægt starf sem felst í því að koma boðum frá Húsverðinum á milli hæða. Þetta er mjög skemmtileg saga um Dröfn og fjölskyldu hennar og hvernig þeim tókst að aðlagast RISASTÓRUM breitingum. Ég gef þessari bók 6 af 5 stjörnum. Ég mæli með þessari bók. Vonandi líkar ykkur bókin BLOKKIN Á HEIMSENA.



Unnið af Ómar Azfar Valgerðarson Chattha